

Bréf stjórnarráðsins til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu um hlunnindi 73

12. maí

Útaf beiðni, sem hingað höfir borist frá forstöðunefnd sparisjóðs Arnfirðinga, vill stjórnarráðið hérmeð veita nefndum sjóði um næstu 5 ár frá 1. júní þ. á., hlunnindi þau, sem ræðir um í tilskip. 5. jan. 1874, um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi, með þeim skilyrðum, að eigi rýrni trygging sú, sem nú er fyrir því, að sjóðurinn standi í skilum, að ákvæðanna um reikningsskil í lögum sjóðsins sé nákvæmlega gætt og að forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju endurrit af ársreikningi hans í fyrirskipuðu formi. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breytingu, er verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður, herra sýslumaður, til vitundar gefið til birtingar fyrir forstöðunefnd sjóðsins.

Bréf stjórnarráðsins til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu um takmörk 74

16. maí

Með bréfi, dags. 3. þ. m., hafið þér, herra sýslumaður, sent hingað tillögur sýslunefndarinnar í Vestur-Barðastrandarsýslu viðvíkjandi takmörkum verzlunarlóðarinnar á Bakka við Arnarfjörð, sem með lögum nr. 27, 16. nóv. 1907, varð löggiltur verzlunarstaður, ásamt uppdrætti af hinni fyrirhuguðu verzlunarlóð.

Útaf þessu er hérmeð, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, takmörk svæðis þess, sem reisa má á verzlunarhús á Bakka, sett eftir framangreindum tillögum og uppdrætti, svo sem hér segir.

Bein stefna úr Mölvík á land upp í Merkjastein, þaðan bein sjónhending í Garðshorn utan við túnið á Bakka, þaðan eftir gömlum túngarði niður að vegi þeim, sem liggur utan úr Dölunum, þaðan inn bakkana að Gróhólum, eins og girðing ræður, þaðan bein stefna upp að veginum inn að Hóli, þaðan eftir veginum inn að Hólsá og þaðan eftir Hólsá til sjávar; á aðra vegu sjórinn.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um, að eitt eintak af hinum framannefnda uppdrætti verði geymt við skjöl hlutaðeigandi hrepps, og að hreppsnefndin láti setja og halda við á kostnað hreppsjóðs glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg af náttúrunnar hendi.

Bréf stjórnarráðsins til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu um takmörk verzlunarlóðarinnar í Siglufjarðarverzlunarstað. 75

19. maí

Með bréfi, dags. 15. f. m., hafið þér, herra sýslumaður, sent hingað tillögur sýslunefndarinnar í Eyjafjarðarsýslu viðvíkjandi takmörkum verzlunarlóðarinnar í Siglufjarðarverzlunarstað ásamt uppdrætti af hinni fyrirhuguðu verzlunarlóð.

75 Útaf þessu er hérmeð, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, takmörk
19. maí. svæðis þess, sem reisa má á verzlunarhús á Siglufirði, sett eftir framangreindum tillögum og uppdrætti, svo sem hér segir:

Að norðan bein lína milli fjalls og fjöru tuttugu og fimm föðmum fyrir norðan húsið Bakka. Að sunnan bein lína milli fjalls og fjöru tuttugu og fimm föðmum fyrir sunnan húsið Hlíðarhús. Að vestan fjallið. Að austan fjörðurinn.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um, að eitt eintak af hinum framannefnda uppdrætti verði geymt við skjöl hlutaðeigandi hrepps, og að hreppsnefndin láti setja og halda við á hreppssjóðs kostnað glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar, þar sem þau eru ekki glögg af náttúrunnar hendi.

76 Bréf stjórnarráðsins til lögreglustjóranna um framkvæmd tolllaganna.

23. maí. Svohljóðandi þingsályktun hefir verið samþykkt á síðasta alþingi:

Neðri deild alþingis ályktar að skora á stjórnina að hafa eftirlit með því, að gildandi tolllögum sé framfylgt svo stranglega sem auðið er og sérstaklega hlutast til um:

1. að brytum á skipum hér við land sé ekki látið haldast uppi að komast hjá tollgreiðslu undir því yfirskyni, að hinar tollskyldu vörur heyri undir skipsforða.
2. að ekki sleppi hjá tolli vörur, sem fluttar eru úr einu skipi í annað innan landhelgi, eða hafðar eru til neyzlu handa öðrum en skipverjum eða farþegum á því skipi, sem flytur hinar tollskyldu vörur.
3. að útlendir fiskimenn og aðrir útlendir atvinnurekendur, er fara í útver hingað til lands og dvelja hér að sumrinu og stunda hér fiskiveiðar eða aðra atvinnu og nesta sig heiman að með vistum, greiði hér lögmæltan toll af öllum tollskyldum varningi, er þeir birgja sig eða láta sig birgja upp með heiman að.
4. að þeir, sem að öðru leyti reka nokkura verzlun í landhelgi, verði bæði að kaupa verzlunarleyfi, gjalda toll af tollskyldum vörum og að öðru leyti gegna öllum þeim þjóðfélagsgjöldum, sem lögmælt eru hér á landi.

Þetta tilkynnist yður, herra sýslumaður, til eftirbreytni eftir því sem frekast er unt, og lög standa til.

77 Bréf stjórnarráðsins til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um flutning
24. maí. þingstaðar.

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfum, dags. 25. f. m. og 3. þ. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Hofsreppi, veitir stjórnarráðið hérmeð